

við frv. til girðingalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
Gerð ristarhliða skal ákveða í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði hálfan girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. En annar helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir því, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni. Verði ekki samkomulag um þau skipti, skera matsmenn úr þeim ágreiningi, sbr. 6. gr. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá, er samgirðingar krefst, bera fram kröfu sína. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er krafinn, þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins, getur sá, er girða vill, sett hana upp, og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar, er hinum ber að greiða.
3. Við 7. gr. 1. másl. orðist svo:
Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalánda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða $\frac{4}{5}$ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða $\frac{1}{5}$.
4. Við 8. gr.
 - a. Í stað orðanna „er lög þessi hafa sett reglur um“ í 1. málsgr. komi: er lög þessi mæla fyrir um
 - b. 2. málsgr. orðist þannig:
Nú er ekki þörf á slíkri girðingu til varnar útbreiðslu búfjárjúkdóma og enginn gefur kost á að kaupa hana eða halda henni við, og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist nýr másl., svo hljóðandi:
Nú eiga tvö eða fleiri sveitarfélög eða sýslur hlut að máli og ágreiningur ris um greiðslu kostnaðar við að setja ristarhlið á veg, þar sem girðingartraðir hafa myndast, og skal þá skera úr þeim ágreiningi samkvæmt ákvæðum 6. gr., eftir því sem við á.
6. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:
Skyllt er að halda öllum girðingum svo vel við, að húfé stafi ekki hætta af þeim.
Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld, svo fljótt sem verða má, eftir að snjóla leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvort aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.
Valdi vanræksla í þessu efni skaða á húfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.
Nú er hætt að nota girðingu og jafnframt að halda henni við, og er þá girðingareiganda skylt að taka hana upp, svo að hún valdi ekki tjóni.
7. Við 22. gr. Greinin orðist þannig:
Öllum leiguliðum, er búið hafa á sömu jörð í 5 ár eða lengur, að öðrum kosti jarðareigendum, er skylt að hreinsa burtu af landi sínu, er búfénaður gengur um, ónothæfar virgirðingar og girðingafækjur, sem vera kunna í landi jarða þeirra. Nú vanrækir landeigandi þessi fyrirmæli í eitt ár, eftir að lög þessi öðlast gildi, og er þá ábúanda skylt að framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda.
Ef um eyðijörð er að ræða, þar sem þessi skylda er vanrækt, ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að láta framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda eða þess, er nýttjar jörðina. Hið sama gildir, ef ábúandi jarðar vanrækir skyldu sína í þessu efni.